

Akraneskaupstaður  
Skiplags- og umhverfissvið  
b.t. Sigurðar Páls Harðarsonar  
Stíllholti 16-18  
300 Akranesi

Mál 2019-09-57  
27. mars 2020

**Efni: Ósk um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu 66 kV háspennustrengs, Akraneslínu 2**

Landsnet undirbýr lagningu 66 kV jarðstrengs, Akraneslínu 2, og ljósleiðararörs um 3,6 km leið milli endamasturs nr. 4 á loftlínunni Vatnshamralínu 2 og hornmasturs nr. 24 á sömu línu, þar af 1,3 km innan sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar.

Jarðstrengurinn liggur um tvö sveitarfélög, Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit, og er jarðstrengurinn á aðalskipulagi Akraneskaupstaðar og verið er að ganga frá breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar vegna strengsins. Nú þegar er farið að úthluta lóðum í Flóahverfi en loftlínan, Vatnshamralína 2, liggur um hverfið og hamlar uppbyggingu þar. Nýi jarðstrengurinn er forsenda þess að hægt verði að rífa Vatnshamralínu 2 þar sem hún liggur um Flóahverfi og þar með skapa möguleika á þeirri uppbyggingu sem skipulag geri ráð fyrir.

Jarðvinnan og strenglagningin verður boðin út í lok mars 2020 og reiknað er með að lagningu strengs ljúki sumarið 2020 og endanlegum yfirborðsfrágangi sumarið 2021. Þessi tímaáætlun er háð því að öll leyfi og samningar við landeigendur liggi fyrir.

Með erindi þessu er sótt um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2013.

Meðfylgjandi er lýsing mannvirkja og nánari upplýsingar um framkvæmdina ásamt yfirlitskortum, teikningum og öðrum upplýsingum í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Sé óskað frekari upplýsinga skal hafa samband við Friðriku Marteinsdóttur, verkefnisstjóra hjá Landsneti í síma 563 9300 eða með tölvupósti fridrikam@landsnet.is

Virðingarfyllst, f.h. Landsnets hf.



Friðriku Marteinsdóttir  
verkefnisstjóri  
Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík  
Kt. 580804-2410

Meðfylgjandi gögn:

Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis ásamt viðaukum